

## Nóvember 2014//BRADABIRGÐATÖLUR



Fleiri voru kærðir fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna árið 2013 en síðustu tvö ár á undan, eða 940 einstaklingar. Hlutfall kærðra karla er mun hærra en kvenna, en á tímabilinu 2011-2013 voru þeir um og yfir 85% kærðra einstaklinga. Meðalaldur karla og kvenna var almennt 26 ár yfir tímabilið.

Fjöldi brotanna náði hámarki árið 2008, fækkaði fram til 2010 en hefur fjölgað jafnt og þétt frá því ári. Fyrstu ellefu mánuði ársins eru brotin 1.371, og hafa aldrei verið fleiri þrjátíu fyrir að árið sé ekki á enda. Gögn um kærða einstaklinga árið 2014 liggja ekki fyrir. Lög um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna (45. gr. laga nr. 58/87) tóku gildi árið 2006.


### Kærður einstaklingur, skilgreining

Kærður einstaklingar eru þeir sem á einhverjum tímamarki eru grunaðir um brot óháð því hvort þeir eru seinna ákærðir eða ekki. Taldir eru allir þeir sem eru grunaðir, hvort heldur um er að ræða sakhæfa einstaklinga eða ekki. Einstaklingar geta verið kærðir fyrir fleira en eitt brot, en eru aðeins taldir einu sinni í umfjöllun um kyn og aldur yfir ákveðið tímabil. Af þeim ástæðum ber tölum um brot og kærða ekki saman.


## Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna



Mynd 1. Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna, fjöldi kærðra 2011-2013.




Mynd A. Fjöldi hegningarlagabrota og auðgunarbrot síðustu 13 mánuði.



Mynd B. Fjöldi umferðarlagabrota og hraðakstursbrota síðustu 13 mánuði.

## Tímabilið desember til og með nóvember



Mynd C. Fjöldi innbrota, líkamsmeiðinga og eignaspjalla síðustu 12 mánuði og yfir sama tímabil síðustu tvö ár.

## Hlutfall fíkniefnabrota eftir landsvæðum í mánuðinum

